

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 13.21% frá 1. desember 1979 frá því sem þær voru í nóvember 1979. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 27. nóvember 1979.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Haukar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Haukar.

Heimili þess og varnarþing er í Dalasýslu.

2. gr.

Félagið tekur til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Haukadalsár ásamt Haukadalsvatni og öllum fiskgengum ám, sem í svæðið falla, en þær eru:

Lækjarskógur, Brautarholt, Laxaborg, Kaldakinn, Skógsmúli, Vatn, Stóra-Vatnshorn, Skriðukot, Leikskálar, Núpur, Smyrlhóll, Giljaland, Skarð, Kross, Villingadalur, Mjóaból, Hamrar, Jörvi, Saurstaðir, Litla-Vatnshorn, Stóri-Skógur, Álfheimar, Skógskot, Harrastaðir, Þorbergsstaðir, Svarfhóll, Engihlíð.

3. gr.

Verkefni félagsins og deilda þess er að stunda fiskirækt eftir því sem við verður komið á hverjum tíma og að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og 3 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir eins og í 9. gr. segir til um. Skipta þeir með sér verkum.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar, ef með þarf, við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf og semur um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við, og hefur yfirumsjón með störfum og fjárreiðum félagsins.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Félagið starfi í þrem deildum. Ein deildin nái til Haukadalsár neðan Haukadalsvatns ásamt Þverá, önnur til Haukadalsvatns og hin þriðja til árinna ofan Haukadalsvatns. Skal hver deild sjá um sérmál sín og ráðstöfun veiði á sínu svæði, með þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og skal þessi tilhögun gilda í næstu tíu ár frá því samþykkt þessi hefur verið staðfest.

9. gr.

Hver deild kýs sér þriggja manna stjórn á aðalfundi sínum, til þriggja ára í senn. Skulu formenn þeirra stjórna vera stjórn félagsins. Ganga þeir úr stjórn á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Stjórnir skipta með sér verkum. Þá kjósa deildir tvo varamenn í stjórn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar endurskoðandi ganga út annað árið en hinn hitt árið. Annar endurskoðandinn skal einnig vera endurskoðandi hjá félaginu. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn félagsins síðastliðið heilt kjörtímabil.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku, skriflegu leyfi stjórnar viðkomandi deildar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, með hvaða kjörum leyfið er veitt og enn fremur nafn og heimilisfang leyfishafa.

10. gr.

Aðalfund deilda skal halda a. m. k. þrem vikum fyrir aðalfund félagsins og skulu reikningar og greinargerðir liggja fyrir fundinum.

11. gr.

Arði af veiði skal skipta samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1979.

Bragi Sigurjónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.